

SAMÞYKKT

170

30. nóv.

um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Flateyjarhrepps samþykkt á fundi sínum 4. október 1948 að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og framlingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h/f austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir Ásgeirs Guðnasonar austan Hafnarstrætis.
4. Allar lóðir og fasteignir sildarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

171

7. des.

fyrir jarðræktarsambandið Smári í Suður-Pingeyjarsýslu.

Búnaðarfélag Skútustaðahrepps, Búnaðarfélag Laxdæla og Búnaðarfélag Reykdæla gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI**Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.****1. gr.**

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélag: Búnaðarfélag Reykdæla, Búnaðarfélag Laxdæla og Búnaðarfélag Skútustaðahrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júní 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru vél-tæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu-